

Kann – vil vita – hef lært K-V-L



Markmið

Að nemendur tileinki sér markvissar aðferðir við upplýsingaöflun og greiningu upplýsinga. Þjálfar nemendur í að;

- nýta eigin þekkingu
- vinna saman, vinna skipulega
- spyrja opinna spurninga
- leita og greina upplýsingar

Kennsluáðferð: innlög, sýnikennsla, hugstormun, hópakennsla, einstaklingsverkefni

Kennslugreinar: íslenska, samfélags- og náttúrufræði

Gögn: fræðitexti, skráningarblöð K-V-L (getur verið á flettitöflu, skólatöflu eða á skráningarblað, stærð A3 í hópavinnu), skriffæri eða tölva

Framkvæmd: vinnuferlið skiptist í þrjú þrep. Fyrstu tvö eiga sér stað áður en lestur hefst (K - kann, V– vill vita) en það þriðja (L – hef lært) eftir að lestur hefur átt sér stað.

K-V-L: skráningarblað með útskýringum		
K - kann	V – vil vita	L – hef lært
Hugstormun, opnar spurningar. Hér er skráð það sem nemendur kunna og vita um viðfangsefnið áður en lestur og heimildaöflun hefst. Kennarinn skráir það sem nemendur kunna í þennan dálk	Hugstormun, opnar spurningar. Hér er skráð það sem nemendur vilja vita um viðfangsefnið.	Upplýsingarleit hefst. Hér eru skráð svörin sem nemendur finna við spurningum sínum
F - finna		H - hvar
Hér eru skráðar spurningar sem nemendur ætla að leita svara við.		Hér er skráð hvar á að leita svara við spurningunum.

K-V-L: skráningarblað		
K - kann	V – vil vita	L – hef lært
F - finna		H - hvar